



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 16. október 2023

Staðsetning fundar: Reitir

Dagsetning: mið 16.10.2023 kl. 15:00

Mætt: Áróra, Íris, Ragnar, Sunna, Alexandra, Sirrý. Fjarverandi: Anna, Olga

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2023-2024:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Alexandra Kjeld (AK), ritari og varaformaður – EFLA - alk@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), gjaldkeri – Reginn – sunna@reginn.is
4. Ragnar Ómarsson (RÓ), meðstjórnandi– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – HMS – olga.arnadottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasj.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Af nýlegum verkefnum og störfum framundan

Dagur grænni byggðar gekk mjög vel og góður rómur gerður að ráðstefnunni. Haldið verður áfram að miðla fréttum af t.d. afhendingu Grænu skóflunnar í ólíkum miðlum.

Rædd voru nýleg málþing og umræðuefni sem eiga heima á borði Grænni byggðar, t.d. lífsgæðakjarnar. Rædd voru einnig umræðuefni á **morgunfundum**; sá fyrst í haust yrði miðjan nóvember, staðarfundur á HMS. Næsti morgunfundur yrði svo í janúar. Umræðuefni fyrsta morgunfundar:

- Skipulagsmál
- Orkureitur
- Keldnaholt

Framundan;

- Orkunýting í byggingum á Íslandi – fundur færður frá 24. til 31. október.
- Árlegur viðburður um hringrásarhagkerfi – Nordic Circular Summit – málþing 18. október
- Aðalsteinn kynnis 23. október losunarlausu verkstaði
- Stofnfundur Hringvangs í desember
- Júlíus Sólnes verður með ráðstefnu um loftslagsbreytingar 26. október



2. Tengslahópar Grænni byggðar

Rædd var **tengslamyndun** sem GB ætlar að standa að, sem og fjármögnun. Sendur verður póstur á alla aðildafélaga og beðið um tengiliði sem hafa áhuga á að vera með í eftirfarandi tengslahópum;

- Vottunarkerfi fyrir byggingar
- Sjálfbærni innviða
- Vistferilsgreiningar, LCA

Aðildafélagar verða jafnframt beðnir um uppástungur að öðrum tengslahópum, telji þeir þörf á. Til greina kæmi t.d. í framtíðinni samstarf við Betri byggingar um orku og innivist.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 17.